

# „Ég ber kraft heillar

## MYNDLIST – ÆVISAGA

KJARVAL 1885–1972

**Höfundar:** Kristín G. Guðnadóttir, Gyfi Gíslason, Arthur C. Danto, Matthías Johannessen, Silja Aðalsteinsdóttir, Eiríkur Þorláksson.

**Ritstjórn:** Einar Matthíasson, Eiríkur Þorláksson, Erna Sörensen, Kristín G. Guðnadóttir.

**Bókarhönnun:** Guðjón Sveinbjörnsson.

**Myndvinnsla:** Christopher Lund.

**Umbrot og tölvuvinnsla:** Prentsníð ehf.

**Prentun:** Mondadori S.p.A., Ítalía.

**Nesútgáfan, Reykjavík, 2005.**

Í upphafi skrifa sinna um feril Jóhannesar Kjarval í þessari makalausú ævisögu listamannsins, vitnar Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur í bréf sem hann skrifar 34 ára gamall frá Róm, þar sem hann var að ljúka námstíma sínum og hugleiddi hlutverk sitt fyrir Ísland og Íslendinga: *Ég vil lýsa þér mín fjallkona um fjarlæg lönd og víðsfrægja þinn einfaldleik um heiminn – og ég mun draga hug alheimsins til þín í gegnum mína ást til þinna bláu og hvítu fjalla.* Listamaðurinn ætlar sér ekki lítið hlutverk; hann ávarpar landið, sem hann ætlar að koma inn í listasögu heimsins með verkum sínum, og með gríðarlegri harðfylgni og förnfýsi tókst honum ætluunarverkið.

*Kjarval 1885–1972* er mikið bókverk og glæsilegt í alla staði; verðugur minnisvarði um einstakan listamann. Á hátt í 700 síðum eru hundruð verka málarans, ítarleg og fræðileg frásögn um feril listamannsins, list hans er sett í alþjóðlegt samhengi og rýnt í teikningar. Þá er einnig fjallað um manninn, goðsögnina og veruleikann; þennan margbrotna einstakling, samskipti hans við samferðamenn og ekki síst sérkennileg samskipti hans við sína nánustu, en sú frásögn hlýtur að hreyfa við hverjum þeim sem les.

Hér liggur gríðarlega mikil rannsóknarvinna að baki, rýnt er í ýmsa þætti, þeir skýrðir og settir í samhengi. Málarinn Kjarval rís upp af blöðum bókarinnar, en líka maðurinn; þessi hæfileikaríki, einbeitti en jafnframt harmræni maður.

Á síðustu áratugum hafa komið út allnokkur verk um Jóhannes Sveinsson Kjarval og list hans. Matthías Johannessen og Thor Vilhjálmsson skrifuðu heillandi bækur með samtölum og minningum sínum af listamanninum, Indriði G. Þorsteinsson ritaði opinbera ævisögu og þá hafa komið út nokkrar bækur um list málarans, með eftirprentunum verka. Nú er fjallað um alla þætti þessa rísa í íslensku listasögu í myndarlegasta bókverki sem hefur verið helgað íslenskum listamanni til þessa. Ekkert virðist til sparad svo útkoman verði sem glæsilegust; litgreining og prentun er með því besta sem sést hefur í íslensku bók og hönnunin þjónar flæðinu á afslappaðan hátt, þar sem myndir fá að anda og texti og myndverk vinna vel saman á síðum. Þá birtist hér ótrúlegur fjöldi verka sem mörg hver hafa sjaldan eða aldrei komið fyrir augu almennings.

### Engar málamiðlanir

„Leitin var aðalsmerki Kjarvals í öllu lífsverki hans; list hans var ekki sköpuð eftir einni mótaðri forskrift heldur breyttist hún og eflidist svo lengi sem honum entist ævi og þrek,“ skrifar Kristín. Hún rekur söguna sem hefst þegar Jóhannes fæðist inn í stóran systkinahóp fátækra foreldra á Efri-Ey í Meðallandinu. Fjögurra og hálfis árs gamall er hann sendur að heiman, reiddur á hesti alla leið austur á Borgarfjörð þar sem hann ólst upp hjá skyldfólki í Geitavík. Foreldrana hitti hann ekki aftur, fyrr en hann hélt 16 ára gamall til Reykjavíkur.

Frásögn Kristínar er undirbyggð með fjölda heimilda og margra ára rannsóknarvinnu. Hún segir að Kjarval hafi ungur farið að teikna: „... sköpunarkraftur Jóhannesar var svo óviðráðanlega sterkur að hann tók smám saman öll völd í lífi hans. Til að byrja með var þó enginn ákveðinn farvegur til að beina þessum krafti í. Hann segir svo frá í viðtali 1935: „Þegar ég var að læra að skrifa, þá teiknaði ég skip í aðra hverja línuna. Ætli það hafi ekki verið það fyrsta og ég hafi verið á 8. árinu eða svo.“ ... Listamannsdráumur Jóhannesar kviknaði síðar og þróadist smám saman í Reykjavík þar sem frumkvöðlar málalistarinnar á Ís-



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Jóhannes S. Kjarval í vinnustofu sinni við Sigtún árið 1968.

landi sýndu bæjarbúum íslenskar myndir og hlutu að launum lof og upphæfð.“

Frásögnin er undirbyggð með frásögnum af menningarlandslaginu á hverjum tíma, stefnum og straumum í listinni, og allt fléttast það saman við sögu listamannsins á vandaðan og læsilegan hátt.



Sagan af baráttu hans við að komast í nám til útlanda er hreint makalaus, umsóknir um styrki daga uppi á Alþingi, hann fer aftur og aftur á sjóinn en loks, þegar hann er 25 ára gamall – orðinn fullorðinn – kemst hann fyrst til London árið 1911 og síðan Danmerkur þar sem hann innritast í skóla, styrktur af Ungmennafélögum og Tryggva Gunnarssyni bankastjóra.

Viljinn til náms var afar sterkur en fjárskortur háði Kjarval öll þessi ár. Í styrkumsókn til Alþingis árið 1913 lýsti hann aðstöðu sinni: „Listþrá mín hefur til þessa líðið mjög af menntunarleysi, að ég hef enn ekki getað leyst þrautir þær sem ég hef ætlað mér fyrir löngu, til þess að geta það þarf ég að læra miklu meira ...“ Hann nálgast þritugt og veit að undirstaðan fyrir framtíðarverkið er enn ekki nógu traust.

Strax í fyrsta sinn er Kjarval sýndi myndir sínar, í Góðtemplarahúsinu árið 1908, sýndi hann annarsvegar hugmyndir og hinsvegar verk eftir fyrirmyndum. Þessa skiptingu mátti sjá í myndheimi hans alla tíð.

Á meðan hann var í námi kom Kjarval stundum upp til Íslands á sumrin, málaði og sýndi afraksturinn. Hann tók stórstígu framförun og verk hans vöktu smám saman athygli landa hans, sem og listunnenda í Kaupmannahöfn, þótt sum verkanna þættu vissulega einkennileg.

Árið 1915 kvæntist Kjarval Tove Merrild skáldkonu og eignuðust þau tvö börn, Aase og Svein. Fátækt og listamannsdráumar voru ekki heppileg undirstaða hjónabandsins. „Þrátt fyrir ást hans og umhyggju fyrir konu sinni og börnum virðist hann hafa átt erfitt með að sameina fjölskyldulíf sitt ... þeim gríðarlegu kröfum sem hann gerði til sjálfs sín í námi og síðar starfi sem



*Kjarval 1885–1972* „...er mikið bók verk og glæsilegt í alla staði; verðugur minnisvarði um einstakan listamann. Á hátt í 700 síðum eru hundruð verka málarans, ítarleg og fræðileg frásögn um feril listamannsins, list hans er sett í alþjóðlegt samhengi og rýnt í teikningar. Þá er einnig fjallað um manninn, goðsögnina og veruleikann; þennan margbrotna einstakling, samskipti hans við samferðamenn og ekki síst sérkennileg samskipti hans við sína nánustu, en sú frásögn hlýtur að hreyfa við hverjum þeim sem les.“

listamaður. Þegar listsköpun hans var annars vegar var hann ekki reiðubúinn að semja um neinar málamiðlanir. Er á leið varð eitt-hvað undan að láta,“ skrifar Kristín.

Í desember 1917 hafði hann lokið námi og var staddur í deiglu hugmynda og vann í að finna sér leið í listinni, hann tók inn ýmskonar áhrif og stílbrigði: kúbisma, fútúrísma og nýrómantík. Hann sagði: „Ég vildi vita deili á því sem var og er og sökkti mér því niður í allar stefnur og byggði yfir hugmyndir mínar og fann nýjar stefnur. Ég lærði að hugsa sjálfstætt í listheimi mínum, væri ég viðvæningslegur stundum var það bara þjóðerni mitt.“ Og í bréfi sem hann skrifaði árið 1920 segir: „... ég finn að ég

ber kraft heillar þjóðar í sjálfum mér.“ Hann ætlaði sér að skapa heimlist á Íslandi.

Jóhannes Kjarval fluttist alkominn heim árið 1922 og hóf göngu sína um menningarlegt eyðiland. Um það segir Kristín: „Segja má að ríkjandi listskilningur í þessu litla og lokaða menningarumhverfi hafi haft letjandi áhrif á framsækna listamann sem áttu afkomu sína undir því að selja myndverk á hinum þrönga íslenska myndlistarmarkaði. Framtíðarhorfur listamanns sem hafði fyrir fjölskyldu að sjá voru því langt í frá gæfulegar.“

Í samantekt sinni rekur Kristín stærstu verkefni eldhugans næstu áratugi, svo sem